Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

19. maí 2021

Efni: *Ítrekun á beiðni um leiðréttingu á viðmiðunarafla til línuívilnunar.*

Línuívilnun er einn þeirra þátta í stjórnkerfi fiskveiða sem eflir atvinnu í hinum dreifðu byggðum. Á undanförnum tveim fiskveiðiárum hafið þér ákveðið að draga jafnt og þétt úr veiðiheimildum sem veitir ívilnun við línuveiðar dagróðrabáta.

Samkvæmt tilkynningu frá Fiskistofu leiða ákvæði reglugerða til þess að línívilnun í þorski fellur niður frá og með morgundeginum, 20. maí.

Þann 21. júlí 2020 undirrituðuð þér reglugerð sem færði viðmiðun línuívilnunar í þorski úr 2.000 tonnum niður í 1.200 tonn sem er 800 tonnum lægra en hún var á fiskveiðiárinu 2019/2020. Rúmum fjórum mánuðum síðar þann 25. nóvember gerðuð þér breytingar á reglugerðinni sem lækkaði viðmiðunina enn frekar eða í 1.050 tonn. Engin fréttatilkynning né skýringar voru gefnar varðandi þá ákvörðun að skerða viðmiðunarafla til línuívilnunar um 48% á sama tíma leyfilegur heildarafli í þorski var skertur um 6%.

Eftir tvær breytingar á reglugerð stendur viðmiðun nú í 1.246 tonnum.

Gríðarlegir hagsmunir eru fólgnir í línuívilnun. Á það jafnt við útgerð, landverkafólk og hinar dreifðu byggðir. Hundruð starfa eru í húfi fyrir starfsfólk þeirra 87 útgerða sem fengið hafa línuívilnun. Jafnframt er hinum dreifðu byggðum veitt bylmingshögg, en alls hefur afla frá bátum með línuívilnun verið landað á 36 stöðum. Heildarfjöldi landana það sem af er fiskveiðiárinu er nú í 3.076.

Landssamband smábátaeigenda skorar hér með á yður að leiðrétta nú þegar aflaviðmiðun til línu-ívilnunar þannig að hún gildi til loka fiskveiðiársins. Að útgerðir báta sem reitt hafa sig á línuívilnun sitji við sama borð og aðrar útgerðir í landinu. Skerðingin verði 6% í þorski frá í fyrra og 9% verði bætt við ýsu.

	2018/2019	2019/2020	2020/2021	Krafa LS
Þorskur	3.000 tonn	2.000 tonn	1.246 tonn	1.880 tonn
Ýsa	1.000 tonn	849 tonn	701 tonn	925 tonn

Virðingarfyllst

Arthur Bogason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri